

Greinargerð borgarfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna með umræðu um loftslagsmál, landnýtingu, samgöngur, snjalltækni, nýsköpun og rýmið í borginni

Borgirnar bæði skapa og takmarka lífsgæðin sem við jarðarbúar búum við dagsdaglega og þær eru lykillinn að framtíðinni. Í mannfjöldaskýrslum Sameinuðu þjóðanna er reiknað með að tæplega 70% mannkyns búi í borgum árið 2050 og að 90% allrar mannfjölgunar verði í borgum á þessum tíma. Margvíslegur vandi blasir við en líka tækifæri. Hvernig verður samgöngum háttað á höfuðborgarsvæðinu næstu árin og áratugina? Hvernig getum við dregið úr neikvæðum áhrifum mikillar bílaumferðar? Hvert verður okkar framlag til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda? Munu sjálfkeyrandi bílar leysa allan vanda? Hvernig geta borgarbúar og stjórnvöld nýtt snjalltækni og nýsköpun og unnið saman að lausnum? Hvernig skipuleggjum við borgina til framtíðar í þágu vistvænna lífshátta og fjölbreytts mannlífs?